

Reglur um útivistartíma barna

Um útivistartíma barna í Norðurþingi fer eftir 92. Gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002 en þar segir:

“Börn, 12 ár og yngri, meiga ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20:00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13-16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22:00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomum. Á tímabilinu 1. Maí til 1. September lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir. Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.”

Reglur um útivistartíma segja til um hvað börn meiga vera lengi úti en ekki hvað þau eiga að vera lengi úti. Foreldrar geta sett sínar eigin reglur innan ramma útivistarreglna.

Reglur barnaverndarlaga um útivistartímann gilda ekki fyrir þá unglunga sem verða 16 ára á árinu. Lög kveða því ekki á um útivistartíma 16 ára unglunga. Þar sem foreldrar fara með forsjá banra og vera ábyrgð á þeim til 18 ára aldurs er það í þeirra höndum að ákveða útivistartíma barna á aldrinum 16-18 ára. Eðlilegt er að foreldrar setji reglur um útivist 16 ára barns í samráði við barnið og þurfa reglurnar að vera sveiganlegar, sanngjarnar og skiljanlegar barninu.

Samþykkt af Fjölskylduráði Norðurþings 7. Janúar 2019 og samþykkt af Sveitarstjórn Norðurþings þann 22. janúar 2019